

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 136/1296*  
*komudagur 18.3.2009*

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands  
Háskólatorgi v/ Sæmundargötu  
Háskóla Íslands  
101 Reykjavík

Nefndasvið Alþingis  
Menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. mars 2009

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um náms- og starfsráðgjafa, 422. mál. Lagt fram á 136. löggjafarþingi 2008-2009.**

Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands (NSHÍ) vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri við menntamálanefnd Alþingis:

**Almennt álit:**

NSHÍ fagnar frumvarpi til laga um lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa þar sem markmiðið er að bæta þjónustu við nemendur og almenning hvað varðar náms- og starfsráðgjöf á Íslandi.

NSHÍ er fjölmennasti vinnustaður náms- og starfsráðgjafa hérlendis og hefur það meginhlutverk að veita nemendum Háskóla Íslands náms- og starfsráðgjöf og styðja þá í að ná árangri og vellíðan í námi og starfi. NSHÍ hefur í áratugi verið í fararbroddi í þróun fagþjónustu á sviði náms- og starfsráðgjafar og hefur byggt upp mikilvæga sérþekkingu og fagkunnáttu sem er miðlað til verðandi náms- og starfsráðgjafa með þjálfun og kennslu. NSHÍ hefur um langt árabil verið aðalþjálfunarstaður nemenda í náms- og starfsráðgjöf við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands. Meginmarkmið starfsþjálfunar er að tengja fræðilegt nám við þjónustuna á vettvangi ásamt því að móta sterka fagímynd og starfsvitund verðandi náms- og starfsráðgjafa.

Félag náms- og starfsráðgjafa (FNS), hefur starfað frá árinu 1981 og hefur átt mikinn þátt í að efla og viðhalda fagmennsku og færni fagstéttarinnar með sí- og endurmenntun. Gott og náið samstarf er á milli NSHÍ, FNS og náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands.

Með stofnun námsins á sínum tíma, 1991 og síðar meistaranáms í náms- og starfsráðgjöf 2004 var styrkari stoðum rennt undir rannsóknir á þessu sviði.

Starfsmenn NSHÍ, sem hafa byggt upp verklega þjálfun fyrir nema í náms- og starfsráðgjöf, telja að lög um náms- og starfsráðgjafa séu mjög mikilvæg fyrir hagsmunum þeirra sem þjónustunnar njóta. Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa tryggir að þeir einir sem hafa tilskilda menntun sinni þjónustunni og uppbyggingu hennar. Auk þess að tryggja gæði eru stjórnvöld og yfirvöld menntamála að viðurkenna nauðsyn þess að efla náms- og starfsráðgjöf á Íslandi.

Hægt er að fullyrða að það sé mikill ávinningur fyrir íslenskt samfélag að eiga fagstétt sem býr yfir víðtækri þekkingu á menntakerfi og atvinnulífi ásamt fræðilegri þekkingu á starfsþróun og starfsferli einstaklinga. Fagþekking náms- og starfsráðgjafa nær einnig yfir ferli ákvörðunartöku út frá persónulegri sýn, áhugasviðum og gildum einstaklingsins. Ráðgjöfin felst m.a. í því að byggja brú á milli einstaklingsins, skólakerfisins og atvinnulífsins. Mikilvægt er að líta til þeirrar ábyrgðar sem felst í því að náms- og starfsráðgjafar vinna með einstaklingum, börnum og fullorðnum, sem eru að taka ákvarðanir er varðar framtíð þeirra, menntun og starfsvettvang.

Skilvirk náms- og starfsráðgjöf þarf að höfða til allra þjóðfélagsþegna, hvar sem þeir eru á vegi staddir í starfsþróun sinni og í leit að námi og starfi við hæfi. Þessi þjónusta á við á öllum tímum, ekki síst þegar að erfiðleikar steðja að t.d. í atvinnu- og efnahagsmálum. Náms- og starfsráðgjafar hafa lengi kallað eftir ítarlegri stefnumótun stjórnvalda og vilja hvetja alla hlutaðeigandi til að ná sátt um þetta mikilvæga frumvarp.

## **Athugasemdir við einstaka greinar lagafrumvarps um náms- og starfsráðgjafa**

### 2. grein

NSHÍ telur nauðsynlegt að matsnefnd verði skipuð til að fjalla um umsóknir um leyfi til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi og hún viðhafi svipuð vinnubrögð og hjá skyldum fagstéttum (félagsráðgjafar, sálfræðingar og kennarar).


### 3. grein

NSHÍ telur mjög mikilvægt að sambærileiki sé til staðar í menntun þeirra sem starfa sem náms- og starfsráðgjafar á Íslandi. NSHÍ telur að ekki aðeins þurfi vottorð um viðurkennd réttindi í ríki innan EES eða í aðildarríki EFTA heldur þarf að vera um sambærilega menntun að ræða og liggur að baki leyfisveitingu á Íslandi eins og segir í 2. málsgrein 1. greinar.

### 4. grein

NSHÍ leggur ríka áherslu á að þeir sem sækja um leyfi til menntamálaráðherra til að kalla sig náms- og starfsráðgjafa uppfylli skilyrði 2. mgr. 1 greinar. Ef viðkomandi uppfyllir ekki þessi skilyrði er hægt að veita tímabundið leyfi þar til menntunarkröfum er fullnægt. Hér gegnir matsnefndin veigamiklu hlutverki þar sem leita þarf umsagnar hennar. Menntunarkröfur tryggja að náms- og starfsráðgjöf sé byggð á faglegri þekkingu.

f.h. Náms- og starfsráðgjafar Háskóla Íslands

  
Arnfríður Ólafsdóttir, deildarstjóri